

Dalalæðan

1. tbl. 22. árg., 30. janúar 2009



Afturelding aldargömul

Þessi einstaka mynd er tekin fyrir um 70 árum í Tjaldanesi í Mosfellsdal. Þá hafði Ungmennafélagið Afturelding keypt þar stóra spildu af Hrisbrúarbændum og hóf að brjóta land undir íþróttasvæði. Á 4. og 5. áratugnum voru íþróttamót félagsins iðulega haldin í Tjaldanesi.

Í Dalalæðunni er að þessu sinni frásögn af því þegar ungmennafélagar fjölmenntu í Tjaldanes vorið 1938 til að vinna þar við jarðvinnu fyrir íþróttasvæðið. Hugsanlega er myndin tekin við það tækifæri, sem var á sunnudegi, og gæti það skýrt það hversvegna margir eru sparibúnir, þrátt fyrir að þeir séu að vinna erfiðisvinnu.

Myndin er birt í tilefni af því að Afturelding fagnar aldarafmæli sínu 11. apríl næstkomandi.

Afturelding – nýr dagur í auglýsýn?

Veturinn hefur verið sérlega mildur það sem af er og á stundum nánast vor í lofti. En á sama tíma lifum við undarlega tíma, bankahrún, pólitíska ringulreið og jafnvel óeirðir. Þjóðin kallar eftir breytingum og nýrri hugsun í stjórnmálum og öllu samfélaginu.

Ekki verður fullyrt á þessari stundu hvort Vetur konungur eigi eftir að sýna klærnar en eitt er víst að um það leyti sem vorið knýr dyra samkvæmt dagatalinu fagnar Ungmennafélagið Afturelding aldarafmæli sínu. Félagið var stofnað á morgni nýrrar aldar af ungu fólki sem kallaði eftir breytingum – líkt og öll íslenska þjóðin gerir núna.

Saga Aftureldingar verður ekki rakin hér en félagið hefur alla tíð átt samleið með mannlífinu í Mosfellsdal. Fimmtungur stofnfélaga var úr Dalnum og fimm Dalbúar hafa gegnt for-

mennsku í félaginu: Ólafur Þórðarson á Varmalandi, Þorlákur Guðmundsson í Seljabrekku, Sigurður Skarphéðinsson á Minna-Mosfelli, Guðjón Bjarnason í Seljabrekku og Birgir Sigurðsson í Reykjadal.

Ungmennafélagið Afturelding hefur ævinlega borið gæfu til að aðlaga síg nýjum tímum og fundið starfi sínu farveg í samræmi við tíðarandann hverju sinni, án þess þó að missa sjónar af góðum gildum og hugsjónum. Það sama verður því miður ekki sagt um þá sem hafa steipt landi og þjóð í bráðan voða.

Nú þarf öll íslenska þjóðin að horfa til nýrra tíma, líkt og ungt fólk úr Lágafellssókn gerði fyrir rétttri öld. Þá stofnaði það félag með nafni sem var fyrirheit um nýjan dag – og nýtt Ísland.

Bjarki Bjarnason

Dalalæðan

1. tbl. 22. árg. 30. janúar 2009

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritsgjafi og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot: Rafn Jónsson. Prentun: Prenttorg.

Dalalæðan er prentuð í 150 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Merki&afmæli á árinu 2009

80 ára

Sigtryggur Þorsteinsson frá
Viðigerði, 30. janúar.

Helga Þórðardóttir frá
Mosfelli, 5. september.

75 ára

Hreinn Ólafsson í Helgadal,
17. júlí.

70 ára

Sigurður Skarphéðinsson í
Sigtúni, 17. febrúar.

Kristján Ólafsson frá Viði, 25.
apríl.

60 ára

María Hákonardóttir frá
Grund, 30. apríl.

Guðrún Jóhannsdóttir í Skuld,
7. maí.

Baldur Sigurðsson frá Reykja-
dal, 13. maí.

Hildur Einarsdóttir á Lauga-
bakka, 25. maí.

Kristján Einarsson frá Reykja-
dal, 15. júlí.
Þórður Sigurðsson frá Lundi,
22. júlí.

Páll Einar Halldórsson Hraða-
stöðum 5, 2. september.

50 ára

Tómas Atli Ponzi frá Brenn-
holti, 10. júní.

Monique van Oosten í Sel-
holti, 4. maí.

40 ára

Einar Scheving Thorsteinsson
frá Árvangi, 8. apríl.

Gísli Ólafsson frá Hríbrú, 31.
maí.

Högni Fróðason frá Dalsgarði,
27. ágúst.

Nina Baastad Hraðastöðum
6, 30. ágúst.

Jóna María Kristjónsdóttir
Hraðastaðavegi 11, 28. ágúst.

***Dalalæðan óskar
þessu ágæta fólki til
hamingju.***

Porrablót Dalbúa 1992



Pistlar Birgis Sigurðssonar eru ómissandi á hinu árlega þorrablóti Dalbúa en hann hefur flutt þá samfleytt í 17 ár. Hér verður til fróðleiks rifjaður upp fyrsti annáll Birgis sem fluttur var í Hlégarði í byrjun febrúar árið 1992.

Árið hófst eins og öll hin árin á nýársdegi með tilheyrandi timburmönnum hjá mörgum Dalbúanum. Fljótlega upp úr áramótunum fór að snjóa allrækilega og urðu allir afleggjarar kolófærir og runnu nú upp sannkallaðir gleðidagar fyrir jeppaeigendur í Dalnum.

En það er alveg merkilegt og raunar rannsóknarefni hvað rólegustu menn geta umturnast þegar fer að snjóa, það er að segja ef þeir eiga góðan jeppa með drifi á öllum. Rólyndismaður eins og Gísli í Brekkukoti gersamlega umturnast þegar snjóskaflar eru annarsvegar, hann snarast óðar út í jeppann og þræðir hvern skaflinn af öðrum og mest verður skemmtunin þegar búið er að brjóta tvö eða fleiri drif og allt stendur fast. Jóhann í Dalsgarði keyrði aftur á móti rólega með bros á vör um allar jarðir á

nýja Lada Sport jeppanum sem hann gaf sjálfum sér í jólagjöf. Hann hefur reyndar týnt bíl þessum tvisvar síðan um jól, helgast það aðallega af því að hann leggur honum einhversstaðar en leitar svo að hvítum Landrover þegar hann kemur til baka. Þrátt fyrir snjó og ófærð tókst Dalbúum, eins og venjulega, að halda sitt árlega þorrablót við mikinn og góðan orðstír og allir rötuðu heim í Dalinn að blóti loknu. Loks kom vorið og leið um Dalinn uns kom sá tími árs þegar nótt er björtust. Þá var það einn dag sem frú Guðný í Melkoti snaraðist út í bílskúr ásamt Halldóri manni sínum, drógu þau þar fram hústjald sitt forkunnarfagurt. Það höfðu þau keypt af hennar hátign Elisabetu Bretadrottningu fyrir slíkk. Tjaldinu var síðan snarað inn í Landrover þeirra hjóna, af lengri gerðinni, ásamt með fleira dóti. Aldrei þessu vant var Landroverinn ekki bilaður. Var nú keyrt í bláum reykjarmekki niður Dalinn eða allt þar til komið var á móts við Hrisbrú, þar var góssið rífið út úr bílnum og dröslað yfir skurð og út í móa.

Þegar í stað var hafist handa við að reisa tjaldið og er því var lokið voru borin inn í það borð og stólar ásamt ferðabær allmiklum sem greinilega var mesti kostagripur. Þá var hengd upp 24 ljósa jólasería í öllum regnbogans litum. Fljótlega uppgötvaðu menn að þetta dót allt varð að fá rafmagn til að virka, fóru menn að mæla vegalengdir í næstu hús til að sjá hvar auðvelt væri að koma framlengingarsnúru í samband. Komust menn að þeirri niðurstöðu að það væri styst að Furuvöllum. Fór nú Dóri með annan endann á snúrunni yfir skurð og til þeirra Furu-

vallahjóna sem voru að bera hross-atað á túnskika sinn. Signý gaf strax leyfi fyrir rafmagni gegn því hún fengi frítt að drekka á barnum.

Nú kynni kannski einhver að spyrja hvað konan vildi með tjald þetta barna úti í móa. Svárið er einfalt, frú Guðný á þá hugsjón heitasta að rækta nytjaskóg í Mosfellsdalnum og hafði hún látið þau boð út ganga um Dalinn að nú skyldi plantað skógi. Að fenginni reynslu vissi frúin að fólk kæmi í flokkum ef það vissi að það fengi bjór á vægu verði. Er óhætt að segja að það hafi tekist allvel því fólk dreif að. Undir kvöld var svo boðið uppá grillað fjallalamb en Dóri hafði tekið feil á því og rjúpnahópi uppi í Grímannsfelli rétt fyrir jólin. Þegar upp var staðið höfðu menn og konur plantað einum 8 ef ekki 10 hríslum og drukkið ca. 80 lítra af bjór.

Sumarið leið svo áfram með sól og rigningu til skiptis þó aðallega rigningu og ekkert markvert virtist ætla að gerast. Þá var það einn daginn þegar sól hafði rutt burt skýjunum að upp Dalinn rennur gljáandi límósína, blá að lit, og stefnir beinustu leið í hlaðið á Dalsgarði. Héldu menn þar á bæ að nú væri eitthvert fyrirmenni að koma í heimsókn, jafnvel einhver úr Sjálfstæðisflokknum eftir litnum á bílnum að dæma. Biðu nú allir spenntir að sjá hver ökumaðurinn væri. Hurðin

opnaðist og stífpússaðir blankskór komu í ljós fyrir neðan hurðina, síðan sté ökumaðurinn allur út, hann var klæddur bláum jakkaftum í hvíttri skyrtu og með rautt bindi. Hár og skegg fagurlega greitt, hann gekk í kringum límósínuna, sparkaði aðeins í annað framdekkið og brosti, aðdánin skein úr rauðskeggjuðu andlitinu. Dalsgarðsmenn stóðu í skúrðyrnum með rósavendi í höndunum og fannst þeir kannast eitthvað við manninn. Mundu þeir nú allt í einu að Fróði hafði ekkert sést í skúrnum þennan morguninn. Síðan hefur límósína þessi staðið á hlaðinu í Dalsgarði og er aðeins notuð til sparibrúks á sunnudögum.

Nú, góðir Dalbúar, á að fara að eyða myrkrinu í Dalnum. Alþingiskona Dalsins, sem víðfræg er fyrir ljósa-gang, hefur kriað út úr hinu háa Alþingi nokkrar krónur svo lýsa megi upp Dalinn og jafnvel breyta veðurfari þar líka.

Dalbúar héldu sína árlegu og víðfrægu áramótabrennu á gamlárskvöld. Guðvarður brennustjóri á Grund sá um að logaði vel í draslinu og Þorkell í Túnfæti stóð krókloppinn og stjórnaði lúðrablæstri hriðskjálfandi blásaranna. Viðstaddir rauluðu: „Nú er glatt í hverjum hól“ og „Nú árið er liðið í aldanna skaut“.

Birgir Sigurðsson

**Sjáumst hress
á þorrablótinu!**

Pegar bílastæðið varð til

Á 4. og 5. áratugi síðustu aldar átti Ungmennafélagið Afturelding landspildu í Tjaldanesi í Mosfellsdal og útbjó þar íþróttasvæði. Árið 1940 ritaði Grímur S. Norðdahl á Úlfarsfelli, einn af forystumönnum UMFA, grein í málgagn Aftureldingar sem hét Dagrenningur. Þar greindi hann frá eftirminnilegum degi vorið 1938 þegar ungmennafélagar komu saman í Tjaldanesi til að búa til bílastæði við íþróttavöllinn.

Motto:

Og þegar lá þar vegur og leyst var þessi þraut, fannst lýðnum alveg sjálfsgagt að þarna væri braut.

Þegar hugmyndin um að koma upp íþróttavelli hér í sveitinni, var fyrst borin fram, datt mér ekki í hug að taka hana alvarlega. Og það tók nærri þrjá mánuði að koma mér í skilning um, að það væri í rauninni hægt, fyrir fámennt, en framtakssamt félag, að hrinda þessu máli í framkvæmd. Það var strax sett sem takmark, að völlurinn yrði nothæfur sumarið 1938, svo þá mætti hafa íþróttamótið þar.

Vorið 1938 var félögunum það fyllilega ljóst, að það yrði að sýna óvenjulega mikinn dugnaði – í verki – ef þessu takmarki ætti að vera náð. Það er ekkert oflof þótt sagt sé: dugnaðurinn brast ekki. Strax og jörð var nokkurnvegin þíð orðin, var farið að grafa skurði í sjálfböðavinnu. Og þegar leið á vorið, var félögunum stefnt saman til að vinna sunnudag eftir sunnudag. En eftir að leið fram á slátt, bættist næturvinnan við. Allt gekk að óskum. Völlurinn var tilbúinn í tæka tíð. Og svo skemmtilega vildi til, að strax á fyrsta mótinu, var sett glæsilegasta íþróttametið, í sögu

íþróttamótanna milli ungmennafélaganna Aftureldingar og Drengs.

[Guðmundur Jónsson stókk 1,70 metra í hástökki.] En ekki meira um það. Það var sagan af einum vinnudegi í Tjaldanesi, sem hér verður sögð, deginum, þegar bílastæðið varð til

Það var morgunn í maí. Útsynningur og skúraskin. Veðrið réðist vel. Ætlunarverkið þennan dag var að plægja upp móa heima við húsið og aka þúfunum út að vegi og gera þar uppfyllingu, svo hægt væri að snúa þar við bifreiðum og gera bifreiðastæði. Til þess að verkið gengi eitthvað, þurfti að fá marga hesta og vagna, sem bændur í dalnum lánuðu góðfúslega, þrátt fyrir, að þetta var á þeim tíma, sem annríki vagnhestanna er hvað mest. Formaður búnaðarfélagsins [Kristinn Guðmundsson á Mosfelli] kom með plóg og hesta og plægði upp þýfið. Plógstrengirnir voru gripnir glóðvolgir og settir í vagnana. Allt gekk eins og í vegavinnu. Það kom í mitt hlutskipti, að losa vagnana og hlaða saman

hnausunum, og hafði ég gaman af að fylgjast með hinum vaxandi vinnuákafa, sérstaklega eftir að stúlkurnar bættust í hópinn.

Fyrst voru plógstrengirnir stungnir sundur í viðráðanlega „gaffalbita“, en brátt hefur það þótt of seinlegt og þá komu strengirnir í heilu lagi, en ekki veit ég hvaða verkfæri voru notuð til að koma þeim svo stórum í vagnana, líkast til guðsgafflarnir. Þegar þessi atgangur stóð sem hæst, bar þar að bíl. Í honum voru finir herrar. Þeir stöðvuðu bílinn og spurðu mig til vegar að Skeggjastöðum. Ég vísaði þeim á rétta leið, en þeir fóru ekki að heldur, en horfðu undrandi á þessi vinnubrögð. Plægingar, stúlkur að aka mold á sunnudegi, og hópur af mönnum með rekur og kvíslar að hamast í moldarflagi. „Hvað er eiginlega verið að gera hérna?“ spurðu þeir. „Það er verið að gera íþróttavöll,“ svaraði ég, eins og ekkert væri til sjálfsagðara en að allir væru að gera íþróttavöll, fyrst það var sunnudagur. „Já, einmitt það, og er þetta nokkurskonar þegnskylduvinna, og er þarna leikfimishúsið?“ „Já,“ sagði ég, og nennti ekki að koma með þá

skýringu, að það gæti skeð, að það yrði einhvern tíma leikfimishús. Þeir þökkuðu upplýsingarnar og fóru. En ég skemmti mér við það, hve hlutirnir geta tekið á sig kynlegar myndir í augum ókunnugra.

Nú dró upp kolsvartan sorta yfir Helgafelli. Útsynningshryðja í uppsiglingu. Þá gripum við tækifærið, spenntum frá vögunum og hituðum okkur kaffi; og ekki er að tala um lystina, hún er eins og í skemmtiferð. Krapavatnið dundi á þakinu. Og það greip mann ánægjutilfinning, eins og Bjart í Sumarhúsum, yfir því að vera undir eigin þaki, þótt margt stæði enn til bóta, til þess að húsakynnin væru fullkomin. Og nú var rætt um það, sem gera þurfti, til þess að koma öllum hlutum í lag, og hvað það væri, sem mest á riði að gera fyrir mótið.

Sólin skein og svo var farið að vinna. Það stóð í járnum, þegar verkinu var lokið var kominn tími til að halda heim. Glöð í huga litum við yfir það, sem við höfðum gjört og sáum að það var harla gott.

Grimur S. Norðdahl

HROSSARÆKTUNARBÚÍÐ

ÓLAFSHAGI



...Á HORNINU


Auglýsing í Dalalæðunni er ávísun á aukin viðskiptil

Æðfureitur

hefur verið opnað ur í
Dalnum. Æðfureitur
húsmarkaðs. Oprið hús
annað kvöld. Ljósir dempuð
og tónlistin seiðandi....

Alma Þ.G. Óskars
Símar: 566 og 868...

Svipmyndir frá þorrablóti Dalbúa 2008






Myndir: Mosfellingur

Bílasaga úr Mosfellsdal

Jón Helgi Hálfðánarson frá Mosfelli fagnaði nýverið 75 ára afmæli sínu. Hann hefur lengi verið búsettur í Hveragerði en hér rifjar hann upp bernskuleiki sína í Mosfellsdal á horfinni öld.

Bílar hafa verið mér hjartfólgir frá bernsku og eru enn. Ég gleymi því aldrei fyrstu bílunum sem ég man eftir frá æskuárum mínum í Dalnum. Má þá nefna Dodge '40, rauðan bíl sem Stefi í Reykjahlíð (Stefán Þorláksson) átti. Plymouth-bíll var í eigu Ólafs garðyrkjubónda á Laugabóli. Bræðurnir frá Æsustöðum, þeir Ólafur og Hjalti, áttu hvor sinn Ford '30, að mig minnir. Það voru litlir pallbílar með sæti fyrir einn farþega. Margar ferðirnar á þessum tíma gekk ég eða hljóp yfir túnið á Mosfelli að Reykjahlíð og Laugabóli. Æskufélagi minn og fermingarbróðir, Hreinn Ólafsson á Laugabóli, sem í dag er óðalsbóndi í Helgadal, var leikfélagi minn sem deildi með mér bíladelluáhuganum. Við smíðuðum litla vörubíla í skúrnum hjá Ólafi og bjuggum til fjaðrir úr sléttjárn. Band



var bundið í framöxulinn til að stýra þeim. Síðan settum við palla á þá svo hægt var að sturta bæði mól og grjóti. Stýrishúsið var með stýri og sætum en hjólin úr tré með hjólhestagúmmí eins og dekk áttu að líta út. Með þessa vörubíla að vopni lögðum við vegi og brýr fyrir neðan gróðurhús Ólafs. Þetta var okkar veröld. Þessi vegagerð og brúar-smíði var svo vel unnin af okkur Hreini á heimagerðu bílunum að Vegagerð ríkisins kæmist ekki í hálfkvisti við hana í dag.

Jón Helgi Hálfðánarson



Þverholti 2, Kjarna



ÍSFUGL

Ísfugl

Reykjavegur 36 Mosfellsbær
Sími 5666103—Fax 5666762

Veiditölur frá Guðna

Guðni Bjarnason skytta á Hraðastöðum var iðinn við að taka í gikkinn á liðnu ári og hér birtast veiditölur hans úr Mosfellsbæ fyrir árið 2008.

- Guðni vann þrjú greni á árinu, í Grímannsfelli, Sauðafelli og við Leirvogsvatn.
- Samtals veiddi hann 29 dýr, þar af 16 yrðlinga, sex fullorðin dýr á greni og sjö svonefnd hlaupadýr.
- Um 50 minkar lágu í valnum fyrir Guðna, mest í kringum Leirvogsvatn, Leirvogsá og í Mosfellsdal.
- Um 300 sílamávar voru skotnir, mest í Leiruvogi. Þar að auki skaut Guðni, ásamt Guðmundi Björnssyni meindýraeyði, 7–8 þúsund sílamáva í Álfsnesi á Kjalarnesi, skammt frá Sorpu.
- Um 70 hrafnar lutu í gras fyrir Guðna, flestir í Grímannsfelli.
- Rjúpur: Tölur ekki tiltækar!



Vinnustofa Þóru á Hvirfli er opin
eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 820-0321.

Ferðapjónustan og bókaútgáfan

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími: 566-7098, 820-0320

Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason

Dýralæknirinn Mosfellsbæ

Þverholti 2, Kjarna

Símar: 566-5066 6600-633

Mosblikk ehf

Hestakerrur sími 894-1236

Bífreidaverkstæði

Guðvarðar og Kjartans

Sími 566-6257

REYKJABÚÐ

Reykjum • 270 Mosfellsbæ • Sími 566-6800

Dýr mundi Haflíði allur



Silfur Egils fundið!

Samkvæmt Egilssögu liggja ekki einungis bein Egils Skallagrímssonar í jörðu í Mosfellsdal heldur einnig silfur hans. Það hefur þó aldrei fundist, og þó. Þessi mynd var tekin árið 1962 og sýnir Guðmund Ásmundsson og Guðmund Jónsson á Reykjum handfjatla „silfursjóð“ sem átti að sögn Morgunblaðsins að hafa fundist í Kýrgili, austan við Minna-Mosfell. Málið vakti mikla athygli og allmargir lögðu leið sína í Dalinn þennan dag, einkum þeir sem gleymdu að huga að dagsetningu blaðsins: 1. apríl!

Snemma í kristnum sið er getið um kirkju að Mosfelli. Í *Egils sögu* er sagt að „Grímur að Mosfelli var skírður, þá kristni var í lög leidd.“ Bætt er við að hann hafi látið þar kirkju gera.

Fyrsti nafngreindi presturinn sem sat Mosfell var Skafti Þórarinnsson 1121–1143 og ef til vill lengur. Elsta heimild um Skafta er í *Nafnaskrá íslenskra presta* í samantekt Ara fróða, prentuð í I. bindi Fornbréfasafns, Dipl. Isl. I:188. Skafti kemur

talsvert við sögu í fornum heimildum, einkum í *Egils sögu*.

Í sögunni er greint frá beinaflutningum Egils Skallagrímssonar frá Hrísbú í kirkjugarð að Mosfelli. Undir altarisstað í kirkjunni á Hrísbú fundust mannabein sem voru miklu meiri en annarra manna bein. Að sögn gamalla manna þóttust menn vita að vera mundu bein Egils. Skafti prestur „tók upp hausinn Egils og setti á kirkjugarðinn. Var hausinn undarlega mikill, en hitt

þótti þó meir frá líkindum, hve þungur var. Hausinn var allur bár-
óttur utan svo sem hörpuskel. Þá
vildi Skafti forvitnast um þykkleik
haussins. Tók hann handöxi vel
mikla og reiddi annarri hendi sem
harðast og laust hamrinum á haus-
inn og vildi brjóta, en þar sem á
kom, hvítnaði hann en ekki dalaði
né sprakk, og má af slíku marka, að
haus sá mundi ekki auðskaddur fyrir
höggum smámennis, meðan
svörður og hold fylgdi.“ (*Egils saga*
89. kapítuli). Við þetta má bæta, að
birst hafa athyglisverðar ritgerðir
fræðimanna um sjaldgæfan sjúk-
dóm sem Egill hefur væntanlega
þjáðst af og skýrir ofvöxt beina
hans, sbr. tímaritið *Skími* 1984 og
1994.

Í *Sturlungu*, nánar tiltekið *Þor-
gilssögu* og *Hafliða*, er greint frá
átökum og deilum þeirra Hafliða

Mássonar og Þorgils Oddasonar. Á
Alþingi árið 1120 skyldi leiða til lykta
þessa erfiðu deilu milli þeirra. Fjöl-
menntu hvorir tveggja til þings og
létu ófriðlega. Þeir gengu vopnaðir
til dóma, andstætt fornum lögum og
góðum venjum. Veitti Þorgils Hafliða
áverka á hendi. Var Þorgils
dæmdur sekur skógarmaður en
hann skeytti því engu. Næsta sumar
riðu báðir til þings og komust á
sættir milli þeirra fyrir milligöngu
kennimanna. Skafti var staddur á
Þingvelli 5.júlí árið 1121 en það var
þriðja dag fyrir þinglausnir. Skyldi
Þorgils samkvæmt sættinni gjalda
Hafliða 240 kýrverð fyrir fingurmiss-
inn. Varð Skafta þá að orði sem oft
hefur verið vitnað til : „Dýr mundi
Hafliði allur, ef svo skyldi hver
limur.“

Guðjón Jensson

HYSI

Stálgrindarhús,
bogahýsi o.fl.
Völuteigi 7, Mosfellsbæ
Sími 5346050
Hysi.is

EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ

Sími 5868080

Íslandsgröfur ehf.

Leitið ekki langt
yfir skammt!
Grafan er í
Dalnum!
Sími 896 8916

Gandur ehf.
Sími 6968523

SS GÍSLASON
VIÐGERÐIR ehf.
Völuteigi 25


Dalsgarður
– við gerum rósir

Blómasala alla daga kl. 9.00-13.00
Dalsgarði Mosfellsdal
Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland
Sími/tel: +3545667490
Fax: +3545667610
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is

Frank Ponzi

Brennholti

Fæddur 18. maí 1929,
dáinn 8. febrúar 2008



Frank Ponzi er fallinn frá. Hann fékk að deyja í faðmi Guðrúnar Tómasdóttur, konu sinnar.

Frank var maður tveggja heima, sjálfsþurftarþóndinn í Brennholti og heimsmaðurinn. Hann var af ítölsku foreldri, fæddur og uppalinn í Bandaríkjunum.

Frank var holdgervingur þess sem tengja má við zen-búddisma, þar sem lagt er upp úr natni og fágun, með fullkomnun að leiðarljósi. Hvort heldur hann var að prikla tómátplöntur, skrifa texta, gera við málverk fallinna listamanna eða búa til vín úr eigin víngarði.

Frank og Dúna kynntust á námsárunum í New York og tók Frank þá afdrifaríku ákvörðun að flytja með henni til Íslands og það í heimasveit hennar. Þar reistu þau sér hús við bakka Suðurár, stærðarinnar gróðurhús, með öllu því inni í sem fólk þráir að innbyrða nú til dags. Þau hjón gerðu Brennholt að hálfgerðri paradís, enda var þar fíkjutré og lítill lækur sem liðaðist um garðinn. Við hjónin kynntumst Frank

á sama tíma, annað okkar hér í Mosfellsdal, en hitt í Norður-New York, þar sem hann bjargaði Halldóri frá drukknun. „Þið þrjú eruð mér að kenna,“ sagði hann líka þegar hann hittir okkur fjölskylduna.

Frank var fljótur að koma sér inn í bæði íslenska menningu og bændasamfélag. Sennilegast fyrstur Bandaríkjamanna sem gekk um á tékkneskum gúmmískóm. Hann hafði græna fingur og það var viss seremónía að ganga með honum í gegnum gróðurhúsið, sníkja af honum fræ og fá leiðbeiningu um ræktun. Svo þegar inn í stofu var komið tók við háalvarleg kennslustund og umræða um list, sögu hennar og stöðu og fór þá Frank iðulega inn í vinnustofuna sína, eina þá úttöðnustu sem til er, og náði í bækur, blöð eða sendibréf, máli sínu til stuðnings. Oft var reynt að rökræða við Frank, sem endaði iðulega á því að maður fór sneypur út, samt með fangið fullt af salati og tómötum.

Frank lét ekki lífsgæðakapp-

hlaupið hlaupa með sig í gönur. Hann var nægjusamur, húmoristi, ræðinn og kveikti ævinlega á einhverju skemmtilegu. Hann þekkti fjölmarga úr ameríska listheiminum og hélt nánú sambandi og fylgdist með öllu, þó að hann hafi búið hér á útnára heimsins. Það var ævinlega gestkvæmt í Brennholti og sumir komnir yfir hafið einungis til að heim-sækja Frank. Á síðari árum fór Frank að hafa meiri áhuga á að mála sjálfur og lét sig þá hverfa til Ítalíu þar sem hann fann andagiftina. Síðasta verk Franks var að lesa fyrsta eintak af nýju bókinni sinni, endurminningabók sem er að koma út vestanhafs.

Það er mikill sjónarsviptir að Frank, hann gerði mikið fyrir land og þjóð. Bækur hans um Ísland á fyrri öldum í máli og myndum eru óviðjafnanlegar heimildir um íslenskt þjóðfélag, sem hann sýndi ávallt mikinn áhuga og kynnti okkur betur

erlendis, en nokkurt útflutningsráð. Frank skilur bara eftir sig góðar endurminningar sem munu lifa með okkur lengi.

Guðný og Halldór, Melkoti.

Gömul auglýsing

Hér með fyrirbjóðum vér undirskrifaðir ábúendur á Mosfelli og Hrísrú öllum ferðamönnum, sem fara um Mosfellsdal, að á hestum sínum í engjum vorum og beitolöndum nefnilega hinum svo kallaða Mosfellsvíðir og mýri þeirri, sem er fyrir neðan og vestan tún á Hrísrú og munum vér hér eptir reyna að verja téðar engjar og beitolönd fyrir usla og ágangi óviðkomandi hrosspenings að því er landslög leyfa.
11. marz 1868.

Þorkell Bjamason.
Ólafur Magnússon.
Benjamin Jónsson.

Ágætu lesendur Dalalæðunnar

Nýlega sendi stjórn Víghóls giróseðla inn á öll heimili í Mosfellsdal, að upphæð 1.500 krónur. Þar er um að ræða ár-gjald félagsins og styrk fyrir *Dalalæðuna*.

Dalbúar eru hvattir til að greiða giróseðilinn eða leggja upp-hæðina inn á reikning félagsins sem er 0315-13-700185. Kenni-tala Víghóls er 641198-2779.

Frjáls framlög brottfluttra Dalbúa eru einnig vel þegin!

Með bestu kveðjum,

*Rafn Jónsson, formaður Víghóls.
Þóra Bjarnadóttir, gjaldkeri.
Garðar Hreinsson, ritari.*

Annáll ársins 2008

Frá fjölmönnum aðalfundi Vighóls 15. janúar sl. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri ræðir skipulagsmál dalsins. Ljósmynd: Rafn Jónsson.



Þorablót

Þorablót var haldið í Hlégarði 2. febrúar 2008. Að venju tók stórsveitin Brak og brestir á móti gestum með miklum lúðrabýti. Veislustjóri var Kolfinna Baldvinsdóttir. Biddi var með annálinn, Einar dró í happdrættinu og Smalakórinn söng, svo fátt eitt sé nefnt. Hljómsveitin Flís og Bogomil Font tóku síðan við og spilaði undir dansi fram á rauða nótt. Bogomil var reyndar tví-bókaður og fór snemma en þá tók við ekki síðri söngvari, Sigurður Guðmundsson úr Hjálmmum.

Aðalfundur

Aðalfundur Vighóls var haldinn 15. janúar sl. Fundarstjóri var Rafn Jónsson og var fundurinn vel sóttur. Gestir hans voru Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Finnur Birgisson skipulagsstjóri og Gylfi Guðjónsson arkitekt og fóru fram miklar umræður um umhverfis- og skipulagsmál Mosfellsdals.

Hlynur Þórisson gaf ekki kost á sér áfram í stjórn Vighóls en Þóra Bjarnadóttir og Rafn Jónsson sitja áfram. Nýr

stjórnarmaður er Garðar Hreinsson. Varamaður í stjórn er Arnar Jónsson. Stjórnin hefur nú skipt með sér verkum þannig að Rafn Jónsson er formaður, Garðar er ritari og Þóra gjaldkeri.

Áramótavarðeldur

Varðeldurinn okkar var á sínum stað í ágætisveðri og spilaði hin sívinsæla hljómsveit Brak og brestir undir söng. Bjarki útbjó söngblað sem dreift var til viðstaddra þannig að þeir sem vildu gátu sungið með sínu nefi með hjálp forsöngvara.

Dalalæðan

Dalalæðan kom út í 21. skipti hinn 1. febrúar. Blaðið hefur fyrir löngu fest sig í sessi í hjörtum Dalbúa sem hlakka til að fá það í póstkassann daginn fyrir þorablót. Bjarki Bjarnason vinnur óeigingert starf við *Dalalæðuna* og færi ég honum bestu þakkir fyrir sem og þeim sem styrkja útgáfu hennar.

Sjáumst á þorablótinu!
Hlynur Þórisson.